

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/636
komudagur 7.1.2009

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akranesi 05. janúar 2009
Tilvísun: L08120010/022.1/SA/--

Efni: Þingsályktun um náttúruverndaráætlun


Landmælingar Íslands fengu þann 15. desember til umsagnar frá Alþingi þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál. Stofnunin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri vegna þingsályktunarinnar:

1. Í þingsályktuninni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar séu til um náttúrufar friðlýstra svæða og að mikilvægt sé að bæta úr þeim þekkingarskort. Landmælingar Íslands taka undir þessa fullyrðingu og vilja jafnframt benda á að þörf er að vinna góð grunnkort af friðlýstum svæðum sem geti nýst sem flestum sem á þurfa að halda. Mikilvægt er að gögn sem unnin verði séu aðgengileg öllum án hindrana og að nákvæmniskröfur séu miðaðar við hvert svæði.
2. Í texta þingsályktunarinnar kemur fram að í fyrsta kasti megi framkvæma grunngreiningar á náttúruverndarsvæðum með fyrirbyggjandi gögnum. Landmælingar Íslands vilja vekja athygli á því að nokkuð hefur skort á að gögn sem unnin eru fyrir opinbert fé séu aðgengileg þeim sem á þurfa að halda. Þessu þarf að breyta og mun ný tilskipun Evrópusambandsins um landupplýsingar sem nefnist INSPIRE stuðla að því. Stofnunin hefur unnið greinargerð fyrir umhverfisráðuneytið um innleiðingu tilskipunarinnar. Greinargerðina um INSPIRE er hægt að nálgast á heimasíðu Landmælinga Íslands www.lmi.is.
3. Landmælingar Íslands taka undir ábendingar sem fram koma í þingsályktuninni um nauðsyn þess að undirbúa vel gerð náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2014-2018. Jafnframt tekur stofnunin undir að tryggja þarf nægjanlegt fjármagn fyrir stofnanir umhverfisráðuneytisins til grunnagnaöflunar. Því tengist meðal annars að framlög til grunnkortagerðar landsins séu nægjanleg en Landmælingar Íslands skulu leiða slíkt verkefni samkvæmt lögum.



4. Í þingsályktuninni er sett fram kostnaðarmat vegna náttúruverndaráætlun 2009-2013. Það er mat Landmælinga Íslands að upplýsingar um kostnað við öflun grunngagna (þ.m.t. kortagerð) sé ekki nægjanlega sýnilegur í framangreindu kostnaðarmati.

Bestu kveðjur
f.h. Landmælinga Íslands


Magnús Guðmundsson